

2017



[FJÖLMENNINGARÞING 2017]

Niðurstöður fjölmenningsarþings
Reykjavíkurborgar 25.mars 2017

Innihald

1.	<i>Inngangur</i>	3
2.	<i>Ráðgjöf og þjónusta við innflytjendur 2017</i>	4
3.	<i>Fyrirkomulag fjölmeningarþings og undirbúningur</i>	5
4.	<i>Helstu niðurstöður</i>	6
4.1.	<i>Ráðgjöf fyrir innflytjendur</i>	6
4.2.	<i>Aðgengi að atvinnumarkaði</i>	10
4.3.	<i>Fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar</i>	14
4.4.	<i>Húsnæðismál – aðgengi innflytjenda að viðunandi leiguhúsnæði</i>	17
5.	<i>Skilgreining hugtaka</i>	20
6.	<i>Samantekt</i>	21
7.	<i>Kosning í fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar 2017 – 2021</i>	23
8.	<i>Tölfræði um innflytjendur frá Hagstofu Íslands</i>	25
9.	<i>Myndaskrá</i>	27

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar 2017 í myndum



1. Inngangur

Fjölmenningarþing Reykjavíkur var haldið í fjórða sinn þann 25. mars 2017 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þingið var skipulagt af mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og var meginmarkmið þessa þings, líkt og fyrri þinga, að skapa umræðu um málefni borgarinnar frá sjónarhóli innflytjenda.

Mannréttindaskrifstofa hefur áður boðað til fjölmenningarþinga árin 2010, 2012 og 2014. Tilgangur þeirra er að skapa vettvang þar sem innflytjendur geta miðlað upplifun sinni og reynslu af þjónustu borgarinnar og lagt fram sínar hugmyndir að bættri þjónustu. Umræðuefnin voru að þessu sinni ráðgjöf við innflytjendur, aðgengi að vinnumarkaði, fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar og húsnæðismál. Þátttakendur í ár voru rúmlega 200 talsins og fóru umræður fram á níu tungumálum: íslensku, ensku, kínversku, pólsku, litháísku, indónesísku, rússnesku, víetnömsku og spænsku.

Niðurstöður fyrri þinga hafa verið kynntar fyrir ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar auk þess sem þær hafa verið kynntar á vef borgarinnar. Niðurstöður hafa nýst í bættri þjónustu fyrir innflytjendur í borginni auk þess sem sendar hafa verið ábendingar til stofnanna ríkisins um það sem betur mætti fara í þjónustu við innflytjendur. Nálga má niðurstöður fyrri þinga á vefsíðu mannréttindaskrifstofu www.reykjavik.is/mannrettindi undir flokknum útgefið efni.

2. Ráðgjöf og þjónusta við innflytjendur 2017

Í aðdraganda fjölmenningsþings Reykjavíkurborgar 2017 og á þinginu sjálfu kom það skýrt fram af hálfu innflytjenda og þeirra sem starfa í þessum málaflokki s.s. við ráðgjöf fyrir innflytjendur, upplýsingagjöf og túlkun, að mikil þörf er á miðstöð fyrir innflytjendur í Reykjavík. Á fjölmenningsþingum Reykjavíkurborgar árin 2010, 2012 og 2014 komu einnig fram ítrekaðar óskir frá þátttakendum um nauðsyn þess að innflytjendur geti haft beinan aðgang að einum stað sem veitir stuðning, upplýsingar og ráðgjöf¹.

Í samantekt² 1993-2016 um ráðgjöf og þjónustu borgarinnar við innflytjendur, kemur fram að ákveðin kaflaskil hafi orðið þegar miðstöð innflytjenda í Reykjavík, Alþjóðahús, var lagt niður 2010. Ekkert úrræði er á höfuðborgarsvæðinu þar sem á sama stað er veitt ráðgjöf til innflytjenda um bæði þjónustu sveitarfélaga og ríkisins.

Frá lokun alþjóðahúss árið 2010 kom mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar á fót ráðgjöf fyrir innflytjendur í Reykjavík í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og þjónustumiðstöð Breiðholts. Ráðgjöfin fólst í því að veita innflytjendum sem búa í Reykjavík upplýsingar og ráðgjöf, í því skyni að tengja þá við borgarsamfélagið og auðvelda þeim aðgang að þjónustu borgarinnar. Ráðgjöfin var veitt á ýmsum tungumálum en í lok árs 2016 var hún veitt á pólsku, ensku og íslensku sem og með aðstoð túlka. Við greiningu á erindum notenda þjónustunnar kom í ljós að mikil meirihluti erinda snéri að þeirri þjónustu sem ríkið veitir s.s. varðandi ríkisborgararétt, dvalarleyfi, fjölskyldu og atvinnumál³. Var sú sérhæfða ráðgjöf sem mannréttindaskrifstofa veitti lögð niður í janúar 2017 og þjónustumiðstöðvum borgarinnar ætlað að veita upplýsingar til innflytjenda líkt og áður, en aðeins varðandi þjónustu borgarinnar. Einnig var þjónustuþegum bent á að nálgast ráðgjöf hjá Fjölmenningssetri (www.mcc.is) um þjónustu stofnanna ríkisins. Fjölmenningsasetur er sú stofnun á vegum ríkisins sem hefur samkvæmt lögum m.a. það hlutverk að efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi og miðla upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur.

¹ Opin ráðgjöf við innflytjendur 2016, http://reykjavik.is/sites/default/files/mar_tillaga.pdf

² Niðurstöður fjölmenningsþings 2014, http://reykjavik.is/sites/default/files/skyrsla_fjolmenningarthings_2014_-_24.11.2015_2.pdf ; Opin ráðgjöf við innflytjendur 2016. http://reykjavik.is/sites/default/files/mar_tillaga.pdf

³ <http://reykjavik.is/frettir/thjonusta-vid-innflytjendur-2017>

3. Fyrirkomulag fjölmenningsþings og undirbúningur

Undirbúningur fjölmenningsþings Reykjavíkurborgar er í höndum mannréttindaskrifstofu og felst hann í því að halda utan um skipulag, kynningarefni og skráningu þátttakenda ásamt því að útfæra umræðuefni þingsins. Þingið var haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur og var þéttsetið í flestum herbergjum hússins; borgarstjórnarsal, matsal og fundarherbergjum. Umræðuefni þingsins eru ákveðin af fjölmenningsráði og mannréttindaráði Reykjavíkur. Að þessu sinni voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir á þinginu:

- A. Ráðgjöf við innflytjendur– hvert skal leita?
- B. Aðgengi að atvinnumarkaði – að nálgast upplýsingar sem varða réttindi og skyldur, bæði launþega og atvinnurekenda.
- C. Fjölmenningsdagurinn 2017 – endurspeglar núverandi fyrirkomulag nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu?
- D. Húsnæðismál – aðgengi innflytjenda að viðunandi leiguhúsnæði.

Unnið var í hópum með borðstjóra og ritara á hverju tungumálaborði. Reynsla af fyrri þingum sýndi að undirbúningur að aðkomu borðstjóra og ritara skiptir miklu máli. Haldin var því undirbúningsfundur til þess að ræða fyrirkomulag umræðna og kalla eftir athugasemdum. Að auki var ákveðið að halda samantektarfund í lok þings til þess að allir borðstjórar og ritara gætu rætt og kynnt sínar niðurstöður hvert fyrir öðru.

Sabine Leskopf fulltrúi mannréttindaráðs hélt utan um undirbúningsfund, sem haldinn var 22. mars ásamt starfsfólki mannréttindaskrifstofu. Þann 29. mars var síðan haldinn samantektarfundur fyrir borðstjóra og ritara með starfsfólki mannréttindaskrifstofu.

Fyrirkomulag umræðna var með þeim hætti að lagðar voru til grundvallar nokkrar forsendur til þess að hefja hvert umræðuefni og síðan leiddi borðstjóri umræður og gætti einnig að tíma. Að lokum var stutt könnun lögð fyrir alla þátttakendur til þess að afmarka efnið með einhverjum hætti og þá einkum með úrvinnslu umræðnanna og niðurstöður í huga. Rétt er að taka fram að ekki allir þátttakendur svöruðu könnun. Einhverjir þátttakendur svöruðu ekki öllum spurningum könnunarinnar og skýrir það af hverju fjöldi heildarsvara fyrir hverja spurningu er mismunandi. Einnig var könnun ýmist svarað af hverjum og einum þátttakenda eins og til var ætlast, eða

könnun var svarað sameiginlega af þátttakendum við ákveðin borð. Af þessu má gjarnan læra og tryggja að fyrirkomulagið sé með þeim hætti að allir þátttakendur svari könnun.

Fjölmenningarþing yrði ekki að veruleika nema vegna allra þeirra sjálfboðaliða úr hinum ýmsu þjóðarhópum sem leggja verkefninu lið. Þýðingar á spurningum fyrir þingið hefur verið unnin af aðilum úr málsamfélögnum sjálfum. Gjarnan af borðstjórum og/eða riturum, sumir starfa sem löggiltir þýðendur eða hafa reynslu af túlkun en aðrir ekki. Mannréttindaskrifstofa getur því ekki tryggt gæði þýðinga og að samræmi sé á skilningi á umræðuefnum í borðumræðum. Í þessu sambandi er vert að benda á nýja stefnumörkun Reykjavíkurborgar varðandi þýðinga- og túlkþjónustu⁴ sem væntanlega getur haft áhrif á forgangsröðun og það fjármagn sem hefur verið sett í að þýða efni fjölmenningarþings.

4. Helstu niðurstöður

Í þessum kafla er að finna helstu niðurstöður úr umræðuhópum þingsins.


4.1 Ráðgjöf fyrir innflytjendur

A) Ráðgjöf fyrir innflytjendur – hvert skal leita?

Samkvæmt skýrslu Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (European Commission against Racism and Intolerance - ECRI⁵) er lögð mikil áhersla á mikilvægi þess að í Reykjavík sé til staðar miðstöð fyrir innflytjendur, í ætt við Alþjóðahús Reykjavíkur (2001-2010) eða fjölmenningarsetrið á Ísafirði. Þar gætu innflytjendur nálgast víðtækar upplýsingar á úrvali tungumála og haft greiðan aðgang að sérfræðiaðstoð og stuðningi.

⁴ Skýrsla starfshóps um túlka- og þýðingarþjónustu Reykjavíkurborgar (febrúar 2017). Tillögur starfshópsins voru samþykktar á fundi borgarráðs 1. júní 2017. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tulka_thydingathjonusta.pdf

⁵ European Commission against Racism and Intolerance (ECRI), var stofnuð af Evrópuráðinu og er sjálfstæður eftirlitsaðili á sviði mannréttinda sem sérhæfir sig í málum er varða kynþáttafordóma og umburðarleysi.




Mynd 1. Telur þú þörf á miðstöð í Reykjavík sem veitir innflytjendum upplýsingar, ráðgjöf og stuðning á úrvali tungumála?

Allir (57 af 57) sem svöruðu spurningunni á mynd 1 voru sammála um að þörf væri á miðstöð fyrir innflytjendur í Reykjavík. Alþjóðahús (2001-2010) bar því oft á góma þar sem margir þátttakendur höfðu reynslu af starfsemi þess. Í því sambandi var helst talað um hlutverk slíkrar miðstöðvar og mikilvægi þess að notendur hafi gott aðgengi að þjónustunni.

Hlutverk slíkrar miðstöðvar ætti einkum að felast í því að veita upplýsingar og vera ráðgefandi til þess að undirbúa innflytjendur fyrir dvöl á Íslandi. Einnig þótti mikilvægt að slík stofnun gæti beint fólki í réttar áttir hvað varðar úrlausnir á þeim málum sem miðstöðin sinnir ekki.

Aðgengi að þjónustunni var talið þurfa að vera fjölbreytt, þannig að flestir geti nýtt sér hana. Það þótti því mikilvægt að innflytjendur ættu bæði kost á að koma í ráðgjöf án fyrirvara en einnig að geta pantað tíma. Í þessu sambandi komu fram ýmsar hugmyndir, til að mynda upplýsingasími fyrir fólk sem kemst ekki frá vinnu. Að slík miðstöð mætti vera opin á laugardögum til að sem flestir gætu nýtt sér þjónustuna. Að hægt væri að nálgast fría lögfræðiráðgjöf og skattahjálp.




Mynd 2. Er einhver þjónusta sem þú myndir vilja fá hjá Reykjavíkurborg sem er ekki í boði núna?

Af þeim (33 af 59) sem svöruðu spurningunni á mynd 2 þá töldu 56% að þeir myndu vilja fá ákveðna þjónustu sem er ekki í boði í dag. Þá töldu (14 af 59) eða 23% sig ekki vilja aðra þjónustu en þá sem er í boði, á meðan (12 af 59) eða 20% voru óvissir um hvort þeir vildu aðra þjónustu hjá Reykjavíkurborg en er núna í boði. Þjónustan sem oftast var nefnd í þessu samhengi var miðstöð fyrir innflytjendur. Þar á eftir var það sálfræðiþjónusta fyrir innflytjendur.

Þjónusta sem þátttakendur vildu sjá hjá Reykjavíkurborg en er ekki í boði núna var:

- Miðstöð fyrir innflytjendur
- Sálfræðiþjónusta fyrir innflytjendur
- Fjölmenningatrymi sem væri í vinnu við að aðstoða innflytjendur við að koma sér fyrir á Íslandi.
- Upplýsingar frá sveitarfélagi/ríki á öðrum tungumálum en íslensku fyrstu mánuði eða ár eftir að fólk er flutt til Íslands.
- Spjallhnappur á heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem fólk getur talað við þjónustufulltrúa í gegnum netið. Þessi möguleiki gæti jafnvel verið nafnlaus vegna þess að sumir innflytjendur treysta ekki yfirvöldum.
- „Velkomin til Reykjavíkur“ bæklingur sem allir innflytjendur fá við komuna til Íslands. Þar væri hægt að finna allar helstu upplýsingar, eins og skattareglur, réttindi og skyldur launþega o.s.frv.
- Ítarlegar upplýsingar til launþega á Íslandi sem eiga fjölskyldu í heimalandinu – hver eru réttindi þeirra, til að mynda hvað varðar fæðingarorlof ef börnin búa ekki hér?

- Borgarhjól til leigu, líkt og í öðrum borgum í Evrópu.
- Sumarleikskóli. Lokun leikskóla yfir sumarið er vandamál fyrir innflytjendur sem vilja nota annan tíma fyrir frí, t.d. yfir jólin, til að heimsækja vini og vandamenn í heimalandinu.



Mynd 3. Finnst þér þú geta nýtt þér alla þjónustu Reykjavíkurborgar sem þú þarft á að halda?

Af þeim (29 af 56) sem svöruðu spurningunni á mynd 3 þá töldu 51% sig ekki geta nýtt sér alla þá þjónustu Reykjavíkurborgar sem þeir þurfa á að halda. 25% (14 af 56) töldu sig ekki vita hvort þeir gætu nýtt alla þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Þá töldu 23% (13 af 56) sig geta nýtt sér alla þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

Þau 51% (29 af 56) sem töldu sig ekki geta nýtt sér alla þjónustu sem þeir þurfa á að halda, voru spurð hvers vegna og tilgreindu eftirfarandi ástæður:

Ef nei, hvaða þjónustu þarftu á að halda og hvers vegna hefur þú ekki getað nýtt þér hana?

- Vegna þess hve erfitt er að nálgast upplýsingar um þjónustuna.
- Þjónusta borgarinnar er alls ekki nægilega sýnileg.
- Börn innflytjenda þurfa miklu meiri hjálp við að komast almennilega inn í kerfið og samfélagið.
- Fólk er hrætt við að biðja um hjálp og heldur að það verði rekið úr landi ef það fer að hafa sig mikið í frammi varðandi aðstoð, bætur o.þ.h.

Varðandi ráðgjöf og þjónustu við innflytjendur, þá bar hæst skortur á miðstöð fyrir innflytjendur sem veitir upplýsingar og stuðning á úrvali tungumála, um þjónustu borgarinnar og ekki síst þá þjónustu sem ríkið veitir s.s. ríkisborgararétt, dvalarleyfi, fjölskyldu og atvinnumál.


Aðgengi að upplýsingum og leiðbeiningum á vefsíðu Reykjavíkurborgar þótti einnig ábótavant. Úrval tungumála þykir skorta, gæði þýðinga ekki viðunandi/nægjanleg og huga mætti betur að framsetningu upplýsinga. Styðjast mætti meira við myndræna framsetningu og að almennt þurfi að huga betur að vefviðmóti með notendur í huga sem koma úr öðru málumhverfi en íslensku. Facebook síður eins og Away from Home – Living in Iceland eru að reynast innflytjendum mikilvæg uppspretta upplýsinga.

4.2. Aðgengi að atvinnumarkaði

B) Aðgengi að atvinnumarkaði – að nálgast upplýsingar sem varða réttindi og skyldur, bæði launþega og atvinnurekenda.

Atvinnuleysi á Íslandi er í lágmarki en aðgengi innflytjenda að vinnumarkaði virðist ábótavant hvað varðar m.a. að komast í atvinnuviðtal, fá menntun metna til launa o.fl. Samkvæmt skýrslu Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (European Commission against Racism and Intolerance - ECRI⁶) tíðkast t.d. að greiða farandverkafólki hér á landi, minni laun en Íslendingum. Þannig eru dæmi þess að iðnmenntaðir farandverkamenn fái allt að 55% lægri laun en iðnmenntaðir íslenskir ríkisborgarar.


⁶ European Commission against Racism and Intolerance (ECRI), var stofnuð af Evrópuráðinu og er sjálfstæður eftirlitsaðili á sviði mannréttinda sem sérhæfir sig í málum er varða kynþáttafordóma og umburðarleysi.



Mynd 4. Telur þú þig hafa nægjanlegar upplýsingar um réttindi og skyldur launþega og atvinnurekanda?


Af þeim (28 af 58) sem svöruðu spurningunni á mynd 4 þá töldu 48% sig ekki hafa nægjanlegar upplýsingar um réttindi og skyldur launþega og atvinnurekanda. 29% (17 af 58) töldu sig hafa nægjanlegar upplýsingar en 13% (8 af 58), töldu sig ekki vita hvort þeir hefðu nægjanlegar upplýsingar. 8% (5 af 58) töldu „Annað“ eiga við sig en tilgreindu það ekki nánar.

Í umræðum kom fram að skortur væri á upplýsingagjöf hvað varðar réttindi og skyldur bæði launþega og atvinnurekanda. Mörgum þótti vanta að tryggja að ráðningarsamningar væru gerðir. Án ráðningarsamninga upplifir fólk algera óvissu hvað varðar laun, skattamál ofl. Fólk taldi einnig erfitt að vita hvaða launum það ætti rétt á vegna þess að allar upplýsingar eru á íslensku og atriði eins og að finna út í hvaða launaflokki fólk tilheyrir geta reynst flókin viðureignar. Í þessu sambandi var bent á í umræðum að jafnlaunavottunin nær bara yfir kyn en ekki uppruna.



Mynd 5. Upplifir þú út frá menntun þinni og/eða reynslu, að þú fáiir næg tækifæri til þess að vinna þig upp í þínu starfi/atvinnugrein?

Af þeim (30 af 56) sem svöruðu spurningunni á mynd 5 þá töldu 53% sig fá næg tækifæri út frá menntun sinni og/eða reynslu til þess að vinna sig upp í sínu starfi/atvinnugrein. 21% (12 af 56) töldu sig ekki fá næg tækifæri til þess að vinna sig upp í sinni atvinnugrein. 19% (11 af 56) sögðust ekki vita hvort þau fengju næg tækifæri. 5% (3 af 56) svöruðu „Annað“ án þess að tilgreina þó nánar. Í umræðum töldu þátttakendur almennt að Íslendingar fengju hærra laun en innflytjendur og að fólk með erlend nöfn ætti tilfínnalega erfiðara með að fá fyrsta atvinnuviðtal, þrátt fyrir að vera uppálin hér og hafa gott vald á íslensku. Þátttakendur veltu fyrir sér hvort innflytjendur þyrftu kannski að hafa sérstakan umboðsmann, sbr. Umboðsmann Alþingis og Umboðsmann borgarbúa, til að hjálpa sér í erfiðum og flóknum málum. Meirihluti þeirra sem svöruðu töldu erfitt að fá nám eða reynslu frá heimalandinu metið hér á landi og vegna þess væri nær ómögulegt að klífa metorðastigann innan síns fags.



Mynd 6. Hvert leitarðu ef þér finnst á þér brotið á vinnumarkaði?

Af þeim (33 af 47) sem svöruðu spurningunni á mynd 6 þá leitar 70% til stéttarfélaga þegar þeim finnst á sér brotið á vinnumarkaði. 17% (8 af 47) leita til Íslendinga þegar þeim finnst á sér brotið. 8% (4 af 47) leitar til annara innflytjenda og 4% (2 af 47) nefnir „Annað“, án þess þó að tilgreina það nánar. Í umræðum kom fram að það virðist ríkja ákveðið óöryggi gagnvart stéttarfélögum á Íslandi. Sumir töldu sig hafa fengið góða aðstoð frá þeim en það kom einnig fram að þátttakendur töldu eftirlit með réttindum innflytjenda ekki vera nægjanlegt. Einnig töldu sumir að þjónusta stéttarfélaga væri almennt hægari fyrir innflytjendur en innfædda og ekki óalgengt að fólk væri hrætt um að vera rekið fyrir að tala illa um vinnustaðinn við sitt stéttarfélag.

Almennt þótti þátttakendum skorta meira eftirlit með ráðningarferli, að ráðningarsamningar séu gerðir og töldu skorta aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur launþega og atvinnurekanda. Innflytjendur virðast síður bera traust til yfirvalda sem gerir þeim erfitt fyrir að sækja sinn rétt og eru því viðkvæmari fyrir misnotkun vinnuveitenda og/eða erlendra vinnumiðlanna.

4.3. Fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar


- C) Fjölmenningardagur – endurspeglar núverandi fyrirkomulag nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu?

Fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 2009. Markmið dagsins er að fagna fjölbreyttu borgarsamfélagi og lýsa þannig yfir velvilja gagnvart fjölbreytni og fjölmenningu. Hinsvegar þótti ástæða til að bregðast við og ræða gagnrýni á þennan dag. Áherslan hefur hingað til verið á þjóðmenningu, einkum dans-, búninga- og matarmenningu. Því var spurt hvort þátttakendum fjölmenningarþings þætti ástæða til þess að breyta fyrirkomulagi dagsins.

Í umræðu um fjölmenningardaginn var lögð áhersla á að kynna þessi sjónarmið sem höfðu komið fram í undanfara þingsins í umræðum við innflytjendur s.s. fulltrúa fjölmenningarráðs og þátttakendur fjölmenningadagsins undanfarin ár.

a) Að áhersla fjölmenningardagsins hefur hingað til verið svo til einvörðungu á þjóðmenningu mismunandi landa. Slík áhersla endurspeglar mögulega ekki nægjanlega vel þátttöku og áhrif innflytjenda í borgarsamfélagi.

b) Að búningar, matarmenning og dans sé þjóðmenning sem má segja að sé frosin í tíma og endurspeglar sjálfsmynd þjóða frekar en fjölbreytta sjálfsmynd einstaklinga.




Mynd 7. Telur þú að fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar, í núverandi mynd, ná tilætluðum markmiðum sínum, að endurspegla fjölbreytt borgarsamfélag og þá einkum þátttöku og áhrif innflytjenda?

Af þeim (28 af 53) sem svöruðu spurningunni á mynd 7 þá töldu 53% að fjölmeningardagurinn væri að ná tilætluðum markmiðum í núverandi mynd. 24% (13 af 53) töldu fjölmeningardaginn ekki ná tilætluðum markmiðum sínum og 23% (12 af 53) töldu sig ekki vita hvort fjölmeningardagurinn væri að ná tilætluðum markmiðum.

Í umræðum töldu þátttakendur almennt jákvætt að innflytjendur fagni þjóðmenningu síns lands, þótt það endurspegli ekki hversdagsmenningu innflytjenda eða fjölbreytt áhrif og þátttöku þeirra í samfélaginu. Hinsvegar kom fram að efla mætti fjölmeningardag Reykjavíkurborgar til muna og nota hann á markvissari hátt til vitundarvakningar og samtals um málefni innflytjenda líkt og á fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar. Þannig mætti gera átak í því að upplýsa og fræða um stöðu innflytjenda og nota til þess fjölmeningargöngu og viðburði fjölmeningardags. Í umræðum kom fram að veita mætti bæði einstaklingum og félagasamtökum greiðari aðgang að þátttöku í viðburðum og hátíðum borgarinnar allt árið um kring, s.s. Menningarnótt Reykjavíkurborgar, 17. Júní hátíð og Hönnunarmars. Ímynd innflytjenda var þátttakendum mjög hugleikin og töldu þeir mikilvægt að t.d. fræða fólk um muninn á flóttafólki, hælisleitendum og svo fólk sem kemur tímabundið vegna atvinnu- og dvalarleyfa og kjósa að setjast hér að, af einni eða annari ástæðu. Í því sambandi komu fram eftirfarandi tillögur:

- Að samstarf við Háskóla Íslands væri ákjósanlegt til þess að fræða og upplýsa almenning um að innflytjendur eru ákaflega fjölbreyttur hópur.
- Að miðla upplýsingum um sjónarhorn innflytjenda á hin ýmsu samfélagsmál.

- Að nota fjölmeningardaginn og fjölmeningargönguna til þess að gera áhrif innflytjenda sýnilegri s.s. gera grein fyrir fjölda innflytjenda í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins s.s. leikskólakennara, grunnskólakennara, vekja athygli á fjölda útskrifaðra ungmenna af erlendum uppruna af framhalds- og háskólastigi og vekja athygli á viðkvæmri stöðu þeirra. Staða þeirra er bæði jákvæð og neikvæð, atvinnuþátttaka innflytjenda er mikil og fjölbreytt en t.d útskrift ungmenna af erlendum uppruna úr framhalds- og háskóla er lægri en hún þyrfti að vera.



Mynd 8. Telur þú ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styrkja innflytjendur til þess að taka þátt í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar?

Af þeim (40 af 53) sem svöruðu spurningunni á mynd 8 þá töldu 75% ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styrkja innflytjendur til þess að taka þátt í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar. 15% (6 af 40) töldu ekki ástæðu til þess að beina frekar kröftum og fjármagni í að styrkja innflytjendur til að taka þátt í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar. 17% (7 af 40) töldu „Annað“ eiga við sig, en tilgreindu það ekki nánar.

Reykjavíkurborg stendur fyrir fjölda viðburða yfir árið og gjarnan mætti hvetja innflytjendur til frekari þátttöku. Aðrar hugmyndir sem fram komu voru s.s. að halda menningarhátíðir tileinkaðar ákveðnum þjóðum og/eða þjóðarbrotum en í samstarfi við þá sem starfa á sviði menningarmiðlunar. Til að mynda kynna tælenska kvikmyndagerð í samstarfi við Bíó Paradís, vekja athygli á tælenskum listamönnum og rithöfundum á sama hátt, í samstarfi við aðrar

menningarstofnanir. Matarmarkaður fjölmeningardagsins hefur verið vel sóttur og þar hefur verið boðið upp á brot af matarmenningu ýmissa þjóða en hins vegar mætti búa betur að honum. Þátttakendur nefndu að matarmarkaðir mættu gjarnan vera sér viðburðir eða í aðdraganda fjölmeningardagsins, þjóðmenningu mætti þannig gjarnan vekja athygli á, en í samstarfi við aðra viðburði og hátíðir sem fram fara í borginni.

Þær ályktanir sem hægt er að draga af umræðunni um hvort fjölmeningardagurinn nái tilætluðum markmiðum í núverandi mynd, eru einkum þær að þrátt fyrir að form fjölmeningardagsins hafi verið fremur einsleitt hvað varðar að endurspeglar þjóðmenningu mismunandi landa að þá telja þátttakendur daginn jákvæðan og þjóna tilgangi. Það er einnig ljóst að þátttakendur þingsins óskuðu eftir því að fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar sé nýttur betur til þess að gera framlag innflytjenda sýnilegra og tengja þá betur borgarmeningunni.


4.4. Húsnæðismál – aðgengi innflytjenda að viðunandi leiguhúsnæði.

- D)** Margt bendir til þess að aðgengi að leiguhúsnæði í borginni á viðráðanlegu verði sé verulega ábótavant. Hversu líklegt er að innflytjendur í borginni hafi verra aðgengi að mannsæmandi húsnæði en aðrir borgarar? Hvað er til bóta ?

Hér var einkum horft til nokkurra þátta sem grundvöll fyrir umræðu um aðgengi innflytjenda: aðgengi innflytjenda að réttum upplýsingum s.s. hvað varðar framboð leiguhúsnæðis, húsaleigubætur, réttindi leigusala og leigutaka. Einnig voru vissar áhyggjur af því að erlent vinnuafli búi frekar við óviðunandi aðstæður s.s. ósamþykkt húsnæði og þá sérstaklega þegar vinnuveitandi sér starfsfólki sínu einnig fyrir húsnæði. Starfsmannaleigur og mansal tengt þeim er sérstakur áhættuþáttur, en hér er látið nægja að benda á skýrslu⁷ jafnréttisstofu varðandi mansal og ólíkar birtingamyndir þess og verklag⁸ ríkislögreglustjóra þegar slík mál koma upp.

⁷ <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10clD=Page3&ID=115>

⁸ <http://www.logreglan.is/upload/files/Mansal%20-%20verklag%20I%F6greglu.pdf>.



Mynd 9. Telur þú að innflytjendur í borginni hafi verra aðgengi að viðunandi leiguhúsnæði en aðrir borgarar?

Af þeim (39 af 55) sem svöruðu spurningunni á mynd 9 þá töldu 71% að innflytjendur hefðu verra aðgengi að viðunandi leiguhúsnæði en aðrir borgarar. 31% (12 af 39) töldu að innflytjendur hefðu ekki verra aðgengi en aðrir borgarar. 10% (4 af 39) töldu sig ekki vita hvort innflytjendur hefðu verra aðgengi að leiguhúsnæði í borginni.

Ljóst er að leigumarkaður er erfiður öllum borgarbúum og þá vegna húsnæðisvanda⁹ sem bitnar mest á jaðarsettum hópum¹⁰. Í árlegri skýrslu Rauða krossins 2016 er lögð áhersla á stöðu jaðarsettra hópa í borgarsamfélagi. Húsnæðisvandinn, bæði skortur á húsnæði og há húsaleiga kemur sérstaklega illa niður á sumum hópum fólks og þar á meðal er hópur innflytjenda viðkvæmur.

Í umræðum endurspegladist slæm staða allra borgarbúa í húsnæðismálum. Nær ómögulegt er að leigja íbúð nema á uppsprengdu verði. Tryggingafé er því hátt þegar það nemur t.d. 3 mánaða leigu og erfitt að reiða fram slíkar fjárhæðir. Leigusalar virðast í einhverjum tilfellum misnota sér aðstöðu fólks og innflytjendur töldu þá rukka hærra verð til innflytjenda fyrir íbúðir sem eru t.d. ósamþykktar. Einnig kom fram í umræðum að leigusalar ættu það til að nýta sér þekkingarleysi innflytjenda varðandi réttindi og skyldur leigusala og leigutaka, hvað varðar viðgerðir og viðhald og láta þannig kostnað falla á leigutaka sem með réttu á að greiðast af leigusala. Upplýsingagjöf skiptir hér höfuðmáli en stjórnleysi virðist ríkja á leigumarkaði sem skapar þrengingar fyrir þennan hóp. Einnig var uppgangur ferðamennsku í Reykjavík ítrekað


⁹ <http://www.ruv.is/frett/alvarlegt-astand-i-husnaedismalum-i-borginni>

¹⁰ Jaðarsettir hópar upplifa einangrun, fordóma og skort á viðeigandi úrræðum

<https://www.raudikrossinn.is/media/utgefing-efni/Arsskyrsla-Raudi-krossinn-i-Reykjavik.pdf>

nefndur í tengslum við hærra leiguverð og lítið framboð af íbúðum. Engin lög hafa verið sett um tímabundna leigu í t.d. fjölbýlishúsum og ekki vitað hversu margar íbúðir eru leigðar út til ferðamanna -en miðað við aukið framboð tímabundinnar leigu, er líklegt og óhætt að álykta, að framboð á langtímaleigu líði fyrir uppgang í ferðaþjónustu.


Ríki og sveitarfélög þyrftu að taka í taumana á meðan verið er að auka framboð húsnæðis t.d. með þaki á leiguverði, til þess að skapa meira val um búsetu og mögulega sporna við þeirri þróun að innflytjendur komi sér frekar fyrir í ákveðnum hverfum¹¹. Var Breiðholt nefnt í þessu sambandi, bæði vegna þess að leigan þar er ódýrust og þar séu vinir þeirra og fjölskyldur búnar að koma sér fyrir. Jaðarsetning innflytjenda og félagsleg einangrun þeirra var áhyggjuefni í umræðum og ljóst að upplýsingagjöf um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka, ásamt val um búsetu óháð efnahag, skiptir miklu.



Mynd 10. Tekur þú þátt í félagsstarfi í þínu hverfi s.s. hverfishátíðum, starfsemi íþróttafélaga, íbúasamtaka o.fl.?

Af þeim (33 af 55) sem svöruðu spurningunni á mynd 10 svöruðu 60% að þeir tækju þátt í félagsstarfi í sínu hverfi s.s. hverfishátíðum, starfsemi íþróttafélaga, íbúasamtaka o.fl. 35% (19 af 55) sögðust ekki taka þátt og 3% (2 af 55) vissu ekki hvort sú væri raunin eða vildu ekki svara. Það virðist almennt auðveldara fyrir fólk með börn að taka þátt í félagsstarfsemi þar semfélagsstarf miðast mjög að fjölskyldufólki og iðkun barna.

¹¹ Flestir innflytjendur í Reykjavík eru í hverfi Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða 36% íbúa, þar á eftir fylgja hverfi Breiðholts 28. Hagstofa Íslands. Talnaefni 2016



Mynd 11. Tekur þú þátt í starfsemi húsfélags þar sem þú býrð?

Af þeim (18 af 52) sem svöruðu spurningunni á mynd 11. þá sögðust 35% taka þátt í starfsemi húsfélagsins þar sem viðkomandi býr. 56% (29 af 52) sögðust ekki taka þátt í starfseminni en 10% (5 af 52) tóku ekki afstöðu. Ekki var spurt um hversu margir eru í eigin húsnæði, sem er forsenda fyrir því að sitja í hússtjórn og hafa atkvæðisrétt varðandi framkvæmdir á húsnæði. En það þótti forvitnilegt að fá þáttakendur til þess að meta sína eigin þátttöku, bæði í félagsstarfi í sínu hverfi (sjá mynd 10) og starfsemi húsfélags.

Tungumálaerfiðleikar voru taldir helstu ástæður fyrir lítilli þátttöku í starfsemi húsfélaga. Einnig fannst sumum þátttakendum að þeir væru ekki velkomnir á húsfundi vegna uppruna síns. Almennt fannst þeim nágrannar sínir ekki heldur hvetja þá til þátttöku.

5. Skilgreining hugtaka

Margvísleg hugtök eru notuð í umræðunni um innflytjendur og ekki alltaf ljóst við hverja er átt. Hér eru tekin saman þau hugtök sem höfð eru til grundvallar í umræðu um málefni innflytjenda í Reykjavík:

Innflytjandi - einstaklingur sem fæddur er erlendis en flutt hefur til landsins.

Erlendur ríkisborgari – innflytjandi sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

Barn innflytjenda – barn foreldra sem eru innflytjendur, óháð fæðingarlandi barnsins.

Flóttamaður – einstaklingur sem hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Kvótaflóttamaður - einstaklingur sem hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu UN-HCR (Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna) og í kjölfar þess verið boðið af íslenskum stjórnvöldum að setjast að hérlandis.

Hælisleitandi – einstaklingur sem kemur og óskar eftir að fá hæli á Íslandi og viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Réttindi innflytjenda eru mismunandi sem og þau skilyrði sem þeir þurfa að fullnægja til að dvelja á Íslandi. Fer réttarstaðan eftir því hvort fólk er með ríkisborgararétt á Norðurlöndunum, innan evrópska efnahagssvæðisins eða utan þess. Einnig er réttarstaða flóttamanna, kvótaflóttamanna og hælisleitenda mjög mismunandi.

6. Samantekt

Á Íslandi er einn af hverjum tíu íbúum af erlendum uppruna. Samanlagt er fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 12% af mannfjöldanum og hefur það hlutfall aldrei verið hærra¹². Þeirri þróun fylgja tækifæri og hindranir sem nauðsynlegt er að mæta. En mikilvægast er að greiða aðgang allra að því sem samfélagið hefur upp á að bjóða og gera fólki kleift að nýta sína þekkingu og mannauð samfélaginu til góða.

Mikilvægt er að úrræði standi fólki til boða sem gerir fólki kleift að aðlagast íslensku samfélagi á sínum forsendum, hvort sem dvöl innflytjenda sé stutt eða löng hér á landi. Upplýsingagjöf og stuðningur við réttindi fólks skiptir höfuðmáli, svo þar til bærar stofnanir geti veitt fólki þá þjónustu sem það þarf á að halda. Eins og kom fram hér á undan er þeirri ráðgjöf sem nú stendur innflytjendum á Íslandi til boða, af hálfu ríkisins, sinnt af fjölmenningssetri sem staðsett á Ísafirði. Augljóslega er verulegt óhagræði af staðsetningu setursins þegar innflytjendur þurfa að afla sér upplýsinga eða ráðgjafar á úrvali tungumála varðandi sína stöðu. Úrlausnarmál innflytjenda eru oft flókin og krefjast samtímis sérhæfðari ráðgjöf um bæði þjónustu ríki og borgar. Ef takast á að tengja innflytjendur við borgarsamfélagið og auðvelda þeim aðgang að

¹² <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2017/>

þjónustu borgarinnar, þarf miðstöð innflytjenda, eða útibú frá fjölmeningarsetri, að vera til staðar í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu.

Það er áhyggjuefni að innflytjendur skuli eiga erfitt með að fá menntun sína og reynslu metna til launa hér á landi. Bæði er það vannýting á mannauði og gerir innflytjendum mun erfiðara að fóta sig í samfélaginu ef það þarf að afla sér réttinda frá grunni hér á landi. Ítrekað kom upp í umræðum að þátttakendur telja Íslendinga fá hærra laun en innflytjendur og fólk með erlend nöfn ætti tilfinnanlega erfiðara að fá fyrsta atvinnuviðtal, þrátt fyrir að vera uppalið hér og hafa gott vald á íslensku. Þetta gefur til kynna að innflytjendur upplifa sig mismunað á grundvelli uppruna síns og/eða þjóðernis. Þátttakendur veltu fyrir sér hvort innflytjendur þyrftu kannski að hafa sérstakan umboðsmann, sbr. Umboðsmann Alþingis og Umboðsmann borgarbúa, til að hjálpa sér í erfiðum og flóknum málum.

Reykjavík er fjölmeningarborg sem fagnar þeirri staðreynd meðal annars með árlegum fjölmeningardegi Reykjavíkur. Á þinginu kom fram ánægja með það framtak og tækifæri innflytjenda til þess að fagna fjölbreyttri þjóðmenningu sinni, en að sama skapi kom fram eindregin ósk þátttakenda um að gera þátttöku og áhrif innflytjenda á íslenskt borgarsamfélag sýnilegri með ýmsum leiðum s.s. öflugri þátttöku í öðrum viðburðum borgarinnar. En einnig hversu mikilvægt það er að fræða og upplýsa um ólíkar birtingamyndir innflytjenda á Íslandi.

Á leigumarkaði virðist ríkja ákveðið stjórnleysi sem kemur verst niður á þeim sem eru í viðkvæmri stöðu. Ríki og sveitarfélög þyrftu að taka í taumanna, á meðan verið er að auka framboð húsnæðis t.d. með þaki á leiguverði eða öðrum leiðum, til þess að skapa meira val um búsetu óháð efnahag. Þannig er hægt að sporna við jaðarsetningu og einangrun fólks. Átak í upplýsingagjöf um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka til innflytjenda, skiptir einnig miklu. Miðstöð innflytjenda í Reykjavík og eða á höfuðborgarsvæðinu gæti skipt sköpum hvað varðar upplýsingagjöf og ráðgjöf til innflytjenda um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala.

Þegar litið er yfir niðurstöður fjölmeningarþingsins 2014 má þar sjá að sömu úrlausnarefni eru fólki enn ofarlega í huga. Enn reynist erfitt fyrir innflytjendur að leita upplýsinga um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, húsnæðismál og félagsþjónustu svo dæmi séu tekin. En einnig að nálgast hagnýtar upplýsingar um þjónustu borgarinnar og ríkisins s.s. um stofnun kennitölu, atvinnu- og dvalarleyfi ofl.

Í tengslum við umræðuefni fjölmeningarþingsins 2017 kom þannig ítrekað fram að upplýsingagjöf sé almennt ábótavant á síðum Reykjavíkurborgar. Ekki er nægjanlega hugað að vefviðmóti með mismunandi notendur í huga, þótt hér séum við helst að hugsa um notendur sem koma úr öðru málumhverfi en íslensku.

7. Kosning í fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar 2017 – 2021

Eftir fjölmeningarþing Reykjavíkurborgar 2017 voru kosnir fulltrúar í fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar. Á kjörskrá voru allir þeir sem voru skráðir til þátttöku á fjölmeningarþing 2017 og búsettir voru í Reykjavík. Kosningin fór fram rafrænt nú í fyrsta skipti og í samstarfi við Maskínu ehf.

Hlutverk fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar er að starfa með mannréttindaráði og öðrum sviðum borgarinnar að málefnum innflytjenda. Fjölmeningarráð er samráðsvettvangur borgarbúa sem eru innflytjendur, grasrótarsamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmeningarleg samfélög á Íslandi, styrkja tengsl Íslendinga og innflytjenda og koma málefnum innflytjenda á framfæri¹³.



Mynd 12. Ný kosið fjölmeningarráð (vinstri Tomasz Chrapek formaður, Herianty Novita Seiler, Katarzyna Lukosek, Tamila Gámez Garcell.

Á kjörskrá voru 88 og nýtti 41 þeirra kosningarétt sinn eða 46,6% kjósenda. Tveir aðilar voru jafnir í þriðja og fjórða sæti og þurfti kjörstjórn að varpa hlutkesti á milli Katarzyna Lukosek og Maciej Tadeusz Chmielewski, með vísan til gr. 4.5. í reglum um framkvæmd atkvæðagreiðslu til fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar 1. – 8. apríl 2017¹⁴. Fór hlutkestið þannig fram að Maciej var úthlutað tölunum 1,3 og 5 á tening og Katarzynu tölunum 2, 4 og 6. Teningnum var varpað og upp kom talan 2.

¹³ Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um http://reykjavik.is/sites/default/files/samthykkt_fyrir_fjolmenningarrad_reykjavikurborgar_2017.pdf.

¹⁴ http://reykjavik.is/sites/default/files/kosningarreglur_2017_fjolmenningarrad_0.pdf

Fjölmenningarráð er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara, þrír fulltrúar og þrír til vara eru kosnir beinni kosningu til fjögurra ára af fulltrúum á fjölmenningarþingi Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en fjölmenningarráð sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Aðalmenn

Tomasz Chrapek formaður (aðalmaður tilnefndur af borgarstjórn)

Grazyna Maria Okunewska (aðalmaður tilnefndur af borgarstjórn)

Herianty Novita Seiler

Tamila Gámez Garcell

Katarzyna Lukosek

Varamenn

Maciej Tadeusz Chmielewski

Leyla Eve


Dino Đula

Kjartan Jónsson (varamaður tilnefndur af borgarstjórn)

Hildur Sverrisdóttir (varamaður tilnefndur af borgarstjórn)


8. Tölfræði um innflytjendur frá Hagstofu Íslands

Hlutfall Íslendinga og innflytjenda í Reykjavík 2016




Mynd 13 Hlutfall innflytjenda af fólksfjölda í Reykjavík. (Innflytjendur, fyrsta og önnur kynslóð)

15 fjölmennustu þjóðarhópar í Reykjavík eftir fæðingarlandi og kyni 2016




Mynd 14. 15 fjölmennustu þjóðarhópar í Reykjavík eftir fæðingarlandi og kyni 2016

Hlutfall innflytjenda af íbúum í hverfum Reykjavíkurborgar 2016



Mynd 15. Innflytjendur í hverfum Reykjavíkurborgar 2016

Aldursdreifing íbúa með erlend ríkisföng í Reykjavík 2016



Mynd 16. Aldursdreifing íbúa með erlend ríkisföng í Reykjavík 2016

9. Myndaskrá

<i>Mynd 1. Telur þú þörf á miðstöð í Reykjavík sem veitir innflytjendum upplýsingar, ráðgjöf og stuðning á úrvali tungumála?.....</i>	<i>7</i>
<i>Mynd 2. Er einhver þjónusta sem þú myndir vilja fá hjá Reykjavíkurborg sem er ekki í boði núna?.....</i>	<i>8</i>
<i>Mynd 3. Finnst þér þú geta nýtt þér alla þjónustu Reykjavíkurborgar sem þú þarft á að halda?.....</i>	<i>9</i>
<i>Mynd 4. Telur þú þig hafa nægjanlegar upplýsingar um réttindi og skyldur þínar sem launþega og þíns atvinnurekanda?.....</i>	<i>11</i>
<i>Mynd 5. Upplifir þú út frá menntun þinni og/eða reynslu, að þú fáir næg tækifæri til þess að vinna þig upp í þínu starfi/atvinnugrein?.....</i>	<i>12</i>
<i>Mynd 6. Hvert leitarðu ef þér finnst á þér brotið á vinnumarkaði?.....</i>	<i>13</i>
<i>Mynd 7. Telur þú að fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar, í núverandi mynd, nái tilætluðum markmiðum sínum, að endurspegla fjölbreytt borgarsamfélag og þá einkum þátttöku og áhrif innflytjenda?.....</i>	<i>15</i>
<i>Mynd 8. Telur þú ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styrkja innflytjendur til þess að taka þátt í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar?.....</i>	<i>16</i>
<i>Mynd 9. Telur þú að innflytjendur í borginni hafi verra aðgengi að viðunandi leiguhúsnæði en aðrir borgarar?.....</i>	<i>18</i>
<i>Mynd 10. Tekur þú þátt í félagsstarfi í þínu hverfi s.s. hverfishátíðum, starfsemi íþróttafélaga, íbúasamtaka ofl.?.....</i>	<i>19</i>
<i>Mynd 11. Tekur þú þátt í starfsemi húsfélags þar sem þú býrð?.....</i>	<i>20</i>
<i>Mynd 12. Ný kosið jölmeningarráð (vinstri Tomasz Chrapek formaður, Herianty Novita Seiler, Katarzyna Lukosek, Tamila Gamez Garcell.....</i>	<i>23</i>
<i>Mynd 13. Hlutfall innflytjenda af fólksfjölda í Reykjavík. (Innflytjendur, fyrsta og önnur kynslóð).....</i>	<i>25</i>
<i>Mynd 14. 15 fjölmennustu þjóðahópar í Reykjavík eftir fæðingarlandi og kyni 2016.....</i>	<i>25</i>
<i>Mynd 15. Innflytjendur í hverfum Reykjavíkurborgar 2016.....</i>	<i>26</i>
<i>Mynd 16. Aldursdreifing íbúa með erlend ríkisföng í Reykjavík 2016.....</i>	<i>26</i>